

**172. fundur Skipulags- og umhverfisráðs, haldinn í bæjarþingsalnum, Stillholti
16-18,
21. september 2020 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Ragnar B. Sæmundsson formaður, Ólafur Adolfsson varaformaður, Guðríður Sigurjónsdóttir aðalmaður, Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Stefán Þór Steindórsson byggingarfulltrúi og Hafdís Sigurþórsdóttir fulltrúi.

Sigurður Páll Harðarson, Stefán Þór Steindórsson tóku þátt í fundinum í fjarfundarbúnaði.

Fundargerð ritaði: Hafdís Sigurþórsdóttir, fulltrúi.

Fyrir tekið:

1. 1906126 - Jaðarsbraut 9, Nýjar svalir - umsókn um byggingarleyfi

Óskað er að grenndarkynna byggingarleyfi fyrir nýjum svölum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að byggingarleyfið verði grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Jaðarsbraut 7 og 11.

2. 2007110 - Jaðarsbraut 33 - umsókn um byggingarleyfi

Umsókn um byggingarleyfi fyrir svölum.

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir að byggingarleyfið verði grenndarkynnt skv. 1. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, fyrir lóðarhöfum við Jaðarsbraut 31 og 35.

3. 2009095 - Deiliskipulag Flóahverfi - Lækjarflói 10A

Umsókn um breytingu á deiliskipulagi Flóahverfis vegna Lækjarflóa 10A.

Breytingin felst í að stækka byggingarreit, engin breyting er á nýtingarhlutfalli lóðar.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til við bæjarstjórn að breytingin/frávikið verði heimilað í samræmi við 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

4. 2008220 - Deiliskipulag Dalbrautarreits - Dalbraut 6

Beiðni um skipulagsbreytingu, nánari gögn.

Fyrirspurn um stækkun byggingarreits á 3. og 4. hæð.

Skipulags- og umhverfisráð leggur til að forkynna breytingu á deiliskipulagi Dalbrautarreits er varðar lóð við Dalbraut 6. Breytingin felst í eftirfarandi:

Stækkun byggingarreits á 3. og 4. hæð. Byggingareitur verði þannig á 3. hæð að hann nái yfir alla hæðina (alveg eins og 2. hæðin). Byggingareitur á 4. hæð verði þannig að hann nái að hluta til inn á norðvestur-álmu, en verði inndregin um 2 metra (götu megin) í samræmi við suðvestur-álmu í deiliskipulagi.

Nýtingarhlutfall yrði 1,73 í stað 1,57.

Íbúðir verði samtals 31 að hámarki í stað 27.

Fjöldi bílastæða verði 1,2 á hverja íbúð óháð stærð.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að drög að breytingu á deiliskipulagi verði auglýst og í framhaldinu kynnt á kynningafundi áður en endanleg afstaða til skipulagsbreytingarinnar verður tekin. Þess verði gætt að lóðarhafar við Dalbraut sem gerðu athugasemdir við skipulagið á sínum tíma fái vitneskju um ofangreindar fyrirætlánir.

5. 2008223 - Deiliskipulag Skógarhverfi áf. 4 - breyting á skilmálum

Frávik frá skipulagi.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að gerð verði breyting á deiliskipulagi 4. áfanga Skógarhverfis, sem felst í því að suðausturlóðamörk lóða nr. 1, 3 og 5 við Asparskóga verði færð um 4 m og verði við akbrautarkant. Með breytingunni verða bílastæði samsíða Asparskógum innan lóða en skv. skilmálum eru þau meðtalin í bílastæðapörf lóðanna. Kvöð verður á lóðunum um að Akraneskaupstaður leggi og viðhaldi gangstétt innan lóðanna meðfram Asparskógum skv. deiliskipulagi.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til að ákvæðum deiliskipulags um hámarksvegghæð á lóðum nr. 1, 3, 5 og 7 verði breytt þannig að hámarksvegghæð húsa með einhalla þaki verði 7,5 m í stað 6,5 m en hámarkshæð bygginga, 9,1 m yfir gólfkóta 1. hæðar, er óbreytt. Skýringarmynd í skipulagsskilmálum verður uppfærð til samræmis.

Veitt er undanþága um að svalagangar verði heimilaðir á lóð nr. 3 við Asparskóga.

Breytingarnar eru í samræmi við meginatriði deiliskipulagsins og hafa engin áhrif á hagsmuni annarra en lóðarhafa og Akraneskaupstaðar og teljast þær því óverulegar. Lagt er til að farið verði með þær skv. 3. mgr. 44. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt: RS og GS
Situr hjá: ÓA

6. 2009022 - Snjómokstur 2020 til 2025 - útboð

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri kynnti væntanlegt útboð á snjómokstri. Skipulags- og umhverfissráð samþykkir að samið verði við Mannvit um útboðsgögn. Verktími útboðs skal vera fimm ár með framlengingarmöguleika um tvö ár til viðbótar.

Ólafur Adolfsson víkur af fundi eftir þennan fundarlið.

7. 2009133 - Aðalskipulag - breyting Hausthús

Lögð fram lýsing vegna breytinga á aðalskipulagi.

Einar Brandsson tekur sæti á fundinum í stað Ólafs Adolfssonar.

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi skipulagslýsing verði auglýst.

8. 2009134 - Deiliskipulag Hausthús

Lögð fram lýsing á deiliskipulagi

Skipulags- og umhverfissráð leggur til við bæjarstjórn að fyrirliggjandi

RS

skipulagslýsing verði auglýst.

9. 2008213 - Jaðarsbakkar 1 - viðhald áhorfendastúku.

Málið kynnt.

10. 2005060 - Jafnlaunavottun - úttekt

Á 1317. fundi bæjarstjórnar þann 8. september 2020 var Jafnlaunavottun úttekt, vísað til umsagnar í fagráðum, ungmennaráði og öldungaráði Akraness.

Steinar Adólfsson sviðsstjóri fjármálasviðs kemur inn á fundinn undir þessum lið. Skipulags- og umhverfisráð samþykkir jafnlaunastefnu Akraneskaupstaðar með athugasemdum. Steinar vikur af fundi.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:00.

Regnar Samundsson
Guðrún Ólafsson
1. Ordföringur
Haldrún Sigurðardóttir